

Kjörbréfanefnd Alþingis
Kirkjustræti 12
101 Reykjavík

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

KÆRA

Kærandi: Lenya Rún Taha Karim, kt. 181299-2159, frambjóðandi á 3. sæti lista
Pírata í Reykjavíkarkjördæmi norður.

I. KRÖFUGERÐ

Með vísan til 118. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, kæri ég kosningu eftirfarandi þingmanna er hlutu jöfnunarsæti í nýafstaðnum Alþingiskosningum þann 25. september 2021:

Guðbrandur Einarsson, 10. þm. Suðurkjördæmi
Bergþór Ólason, 8. þm. Norðvesturkjördæmi
Orri Páll Jóhannsson, 10. þm. Reykjavíkarkjördæmi suður
Jóhann Páll Jóhannsson, 11. þm. Reykjavíkarkjördæmi norður
Gísli Rafn Ólafsson, 13. þm. Suðvesturkjördæmi

Með vísan til málsatvika, málsástæðna og lagaraka fer ég fram á að kjörbréfanefnd úrskurði endurtalningu atkvæða sem yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis framkvæmdi kl. 15:10 sunnudaginn 26. september ógilda. Þá fer ég fram á kjörbréfanefnd Alþingis gefi út nýjar lokatölur í Norðvesturkjördæmi sem byggja á fyrri talningu atkvæða, sem var tilkynnt um opinberlega kl. 7:15 sunnudaginn 26. september. Enn fremur óska ég þess að Alþingi álykti sem svo að kosning eftirfarandi aðila skuli teljast gild, að viðhafðri nýrri úthlutun þingsæta af hálfu landskjörstjórnar í samræmi við 106. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

Guðmundur Gunnarsson, 8. þm. Norðvesturkjördæmi
Lenya Rún Taha Karim, 11. þm. Reykjavíkarkjördæmi norður
Rósa Björk Brynjólfsdóttir, 10. þm. Reykjavíkarkjördæmi suður
Hólmfríður Árnadóttir, 10. þm. Suðurkjördæmi
Karl Gauti Hjaltason, 13. þm. Suðvesturkjördæmi

II. MÁLSATVIK

1. Þann 25. september síðastliðinn fóru fram kosningar til Alþingis, en kærandi er frambjóðandi í 3. sæti á lista Pírata í Reykjavík norður. Kjörstaðir lokuðu kl. 22:00 og fór í kjölfarið fram talning á atkvæðum. Í Norðvesturkjördæmi komu kjörkassar á talningarstað en talning fór fram á Hótel Borgarnesi. Þar tók yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis við kjörgögnum. Talning hófst eftir að kjörstöðum lokaði kl. 22:00 en á meðan talningu stóð voru umboðsmenn framboða viðstaddir.

Umboðsmenn voru viðstaddir talningu allt þar til að henni lauk kl. 7:15. Þá yfirgaf talningarfólk talningarstað. Á þeim tímapunkti tilkynnti formaður yfirkjörstjórnar um niðurstöður kosninganna í beinni sjónvarpsútsendingu, sendi niðurstöður talningarinnar til landskjörstjórnar og færði hana í fundargerð. Niðurstaðan var eftirfarandi:

Stjórnmalaflokkur:	Atkvæðafjöldi:
• Framsóknarflokkur B listi	4.443
• Viðreisn C listi	1.072
• Sjálfstæðisflokkur D listi	3.887
• Flokkur fólksins F listi	1.513
• Sózialistaflokkur J listi	721
• Miðflokkur M listi	1.283
• Frjálslyndi lýðræðisfl. O listi	72
• Píratar P listi	1.082
• Samfylking S listi	1.196
• Vinstri hreyf. grænt framboð V listi	1.979
• Auðir seðlar	394
• Aðrir ógildir seðlar	24
Samtals greidd atkvæði	17.666

2. Að lokinni talningu voru kjörgögn skilin eftir óinnsigluð og óvarin að öðru leyti en því að formaður yfirkjörstjórnar læsti salnum þar sem talningin hafði farið fram. Ógildir og auðir seðlar voru ekki innsiglaðir. Ekki er þekkt hvort að ónotaðir seðlar hafi verið innsiglaðir. Var fundi yfirkjörstjórnar frestað kl. 7:35, en halda átti honum áfram kl. 13:00 sama dag.
3. Áður en fundi var framhaldið fékk formaður yfirkjörstjórnar þær upplýsingar frá landskjörstjórn að lítil munur væri á atkvæðafjölda að baki jöfnunarsætum í Norðvestur- og Suðurkjördæmi, með þeim mögulegu afleiðingum að ef atkvæðum til Viðreisnar myndi fækka, þá myndu þau taka sinn 2. jöfnunarmann á landsvísu í suðurkjördæmi í stað Norðvesturkjördæmis, og í stað Viðreisnar myndi jöfnunarsætið í Norðvesturkjördæmi fara til Miðflokksins. Var því beint til yfirkjörstjórna í Suður- og Norðvesturkjördæmi hvort tilefni væri til nánari skoðunar vegna þessa.
4. Formaður yfirkjörstjórnar mætti á talningarstað og fór inn í sal með kjörgögnum kl. 11:46. Á þeim tíma var enginn annar í salnum, hvorki starfsfólk né aðrir. Formaðurinn var einn með kjörgögnunum til kl. 12:15 þegar annar meðlimur yfirkjörstjórnar mætti á talningarstað. Engar upplýsingar liggja fyrir um aðgerðir formanns yfirkjörstjórnarinnar á þeim tíma sem hann var einn og eftirlitslaus með gögnunum frá 11:46 til 12:15.
5. Kl. 13:00 voru allir meðlimir og starfsmenn yfirkjörstjórnar mættir á staðinn og héldu áfram fundi yfirkjörstjórnar. Vegna ábendingar landskjörstjórnar ákvað formaður yfirkjörstjórnar af handahófi að kanna atkvæðabunka Viðreisnar í nokkurs konar villuprófun. Hver atkvæðabunki hefur að geyma 50 atkvæðaseðla. Í fyrsta bunkanum sem hann kannaði fundust 9 atkvæði sem höfðu verið rangt talin og flokkuð. Af þeim

voru 8 atkvæði til D-lista Sjálfstæðisflokks og eitt til B-lista Framsóknar. Má þannig sjá að nærri því fimmta hvert atriði í þessum fyrsta bunka reyndist vera rangt talið. Vænta má þess að atkvæði til C-lista Viðreisnar hafi verið flokkað í a.m.k. 20 bunka svo það vekur athygli að við fyrstu villuprófun hafi formaður raunar fundið nægilega mörg atkvæði til að breyta röðun jöfnunarsæta á landsvísu í samræmi við það sem landskjörstjórn benti á að gæti gerst. Taldi yfirkjörstjórn þá að nauðsynlegt yrði að endurtelja öll atkvæði. Í kjölfarið var talningarfólk kallað út og formaður yfirkjörstjórnar hafði samband við suma umboðsmenn framboðanna til að tilkynna um endurtalningu. Ekki var haft samband við umboðsmann P-lista Pírata, sem frétti af endurtalningunni í fjölmiðlum. Þegar umboðsmaður P-lista Pírata hafði samband við formann yfirkjörstjórnar bað umboðsmaður listans formanninn um að hætta stafarlaust talningu svo að umboðsmaður gæti verið viðstaddur, en formaðurinn varð ekki við þeirri beiðni.

6. Endurtalning hófst um kl. 15:10, án þess að tilkynnt hefði verið um hana opinberlega, þannig að almenningi gæfist kostur á að vera viðstaddur. Umboðsmenn höfðu ekki nægan fyrirvara og óljóst er á hvaða tímapunkti þeir mættu á staðinn. Þó er ljóst að engin staðfesting liggur fyrir á því að umboðsmenn hafi verið viðstaddir þegar talning hófst. Óljóst er á hvaða tímapunkti einstakir umboðsmenn voru mættir til talningar þar sem engar skráningar í gerðarbók liggja fyrir og er fundargerð óljós um þá þætti. Endurtalningu þessari lauk kl. 18:05.

7. Niðurstaða endurtalningarinnar var eftirfarandi:

Stjórnmalaflokkur:	Atkvæðafjöldi:
Framsóknarflokkur B listi	4.448
Viðreisn C listi	1.063
Sjálfstæðisflokkur D listi	3.897
Flokkur fólksins F listi	1.510
Sósíalístaflokkur J listi	728
Miðflokkur M listi	1.278
Frjálslyndi lýðræðisfl. O listi	73
Píratar P listi	1.081
Samfylking S listi	1.195
Vinstri hreyf. grænt framboð V listi	1.978
Auðir seðlar	382
Ógildir seðlar	35
Samtals greidd atkvæði 17.668	

Breytingar á atkvæðum voru því eftirfarandi:

	Fyrsta talning	Önnur talning	
B	4443	4448	5
D	3887	3897	10
V	1979	1978	-1
F	1513	1510	-3
M	1283	1278	-5

S	1196	1195	-1
P	1082	1081	-1
C	1072	1063	-9
J	721	728	7
O	72	73	1

Auðum seðlum fækkaði um 12 en ógildum seðlum fjölgaði um 11.

Niðurstaða þessi var tilkynnt opinberlega og var endurtalningin send landskjörstjórn.

- Þann 1. október sl. kom landskjörstjórn saman og úthlutaði þingsætum til frambjóðenda skv. XVI. kafla laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis. Úthlutunin byggðist á skýrslum yfirkjörstjórna um kosningaúrslit í kjördæmum og gaf landskjörstjórn í framhaldinu út kjörbréf til þeirra frambjóðenda sem náðu kjöri og jafnmargra varamanna. Við úthlutun jöfnunarsæta var byggt á niðurstöðum kosninganna eins og þær lágu fyrir eftir endurtalningu atkvæða í Norðvesturkjördæmi.

III. MÁLSÁSTÆÐUR

- Kærandi byggir á því að öryggi kjörgagna var ekki tryggt eftir kl. 7:15 að morgni 26. september þegar talningarfólk og umboðsmenn yfiráfu talningarstað. Því sé ekki hægt að reiða sig á niðurstöður endurtalningarinnar sem fór fram síðari daginn og ber að líta á hana sem ógilda. Þegar fyrri talningu lauk lágu ekki fyrir nein gögn sem bentu til þess að ágallar hefðu verið á framkvæmd talningarinnar. Það var einungis vegna ábendingar landskjörstjórnar um lítinn atkvæðamun sem ákveðið var að ráðast í endurtalningu. Við þá endurtalningu spilltust kjörgögnin og eru þau óreiðanleg. Hér verður gert nánar grein fyrir þeim atriðum sem spilltu kjörgögnum þann 26. september, draga áreiðanleika þeirra í vafa og þar með áreiðanleika niðurstaðna seinni talningarinnar.
- Kjörgögn voru eftirlitslaus frá kl. 7:15-11:46 að morgni. Fjölmargin starfsmanna Hótel Borgarness höfðu aðgengi að kjörgögnum á meðan þau voru eftirlitslaus þar sem þau höfðu aðgengi að lykklum að hinum læsta sal. Einn starfsmaður í það minnsta fór inn í salinn án nokkurra annarra, tók mynd af kjörgögnum, og setti á samfélagsmiðilinn Instagram.
- Formaður yfirkjörstjórnar var einn með óinnsigliðum kjörgögnum frá kl. 11:46-12:15 og hafði möguleika á að breyta kjörgögnum.
- Umboðsmönnum var ekki boðið að vera með eftirlit þegar kjörgögn voru óinnsiglið í vörslu yfirkjörstjórnar frá kl. 11:46-15:10. Ekki var öllum umboðsmönnum boðið að vera viðstaddir eftirlit við endurtalningu.

13. Afar mikill munur var á niðurstöðum fyrri og seinni talningar. Var þessi munur tölfræðilega marktækur í atkvæðum til þeirra flokka sem höfðu áhrif á tilfærslu jöfnunarsæta á landsvísu. Í samanburði leiddi endurtalning í suðurkjördæmi ekki í ljós neinar breytingar á niðurstöðum frá fyrstu talningu og endurtalningu.
14. Formaður yfirkjörstjórnar fann í fyrsta atkvæðaseðlabunka C-lista Viðreisnar sem hann skoðaði nægilega mörg ranglega flokkuð atkvæði til að breyta niðurstöðum kosninga. Vænta má þess að alls hafi verið að lágmarki 20 bunkar með atkvæðum til C-lista Viðreisnar.
15. Auðum seðlum fækkaði en ógildum fjölgaði. Formaður yfirkjörstjórnar skýrir það á þann veg að ógildir seðlar hafi fyrir mistök verið flokkaðir með auðum seðlum. Í 1. mgr. 103. gr. kemur fram að bóka skuli í gerðarbók hve margir kjörseðlar séu ógildir og ástæður þess, en kærandi fær ekki sér að það hafi verið gert. Þá kemur fram í 2. mgr. 104. gr. að þegar talningu sé lokið skuli yfirkjörstjórn setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og skuli gildum og ógildum kjörseðlum haldið sér. Mikilvægt er að aðgreina og halda sérstaklega til haga ógildum seðlum, þar sem auðvelt er að ógilda annars gildan seðil. Í ljósi þess að það var ekkert gert eykur það hættuna á því að kjörgögnum hafi verið spillt, sérstaklega í ljósi þess.
16. Sum ofangreindra atriða fela í sér sjálfstæð brot sem eru nægilega alvarleg til að spilla kjörgögnum, á meðan önnur gefa vísbendingar um möguleikann á því að átt hafi verið við kjörgögn. Nægilega sterk rök eru fyrir því að álykta sem svo að kjörgögnin hafi spillt frá og með kl. 7:15, sunnudaginn 26. september.
17. Landskjörstjórn hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki liggi fyrir staðfesting á því að meðferð og varðveisla kjörgagna hafi verið fullnægjandi. Kærandi tekur undir það en bendir á að samkvæmt fundargerð hafi ekki orðið nein rof í meðferð kjörgagna frá þeim tíma sem kjörkassar komu til yfirkjörstjórnar þangað til að lokatölur voru tilkynntar að morgni 26. september um kl. 7:15. Þó að ekki sé nú unnt að sannreyna þá niðurstöðu þá var ekki að finna neitt í fundargerð eða gerðarbók yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi sem benti til þess að einhver vafi léki á niðurstöðum fyrri talningar. Ástæða endurtalningarinnar var enda að mjótt var á munum varðandi úthlutun jöfnunarsæta. Samkvæmt venju eru tilkynntar lokatölur alla jafna ekki véfengdar og boðað til endurtalningar nema einhverjar sérstakar ástæður mæli með því. Í þessu tilfalli voru ekki neinar slíkar ástæður uppi og því ekkert sem mælir gegn því að byggja niðurstöður hvað varðar úthlutun jöfnunarsæta á niðurstöðu fyrri talningar.
18. Þann 1. október sl. tilkynnti landskjörstjórn um úrslit kosninga til Alþingis og úthlutun þingsæta, þar sem hún byggði úthlutun þingsæta á hinn ólöglegu endurtalningu sem grundvallaðist á spilltum kjörgögnum. Þrátt fyrir þetta tilgreindi landskjörstjórn í bókun sinni að hún teldi að ekki hefði borist staðfesting frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis á að meðferð og varðveisla kjörgagna á talningarstað í kjördæminu hafi verið fullnægjandi. Með ákvörðun sinni hefur landskjörstjórn tekið ákvörðun um úthlutun þingsæta á ólöglegum grundvelli. Landskjörstjórn tekur enn fremur fram í bókun sinni að ákvæði stjórnarskrá og laga um kosningar til Alþingis gera ekki ráð fyrir því að landskjörstjórn geti haft afskipti af

störfum yfirkjörstjórna, en að Alþingi skeri úr um hvort það kunni að vera þeir gallar á framkvæmd kosninga sem ætla megi að hafi haft áhrif á úrslit þeirra.

19. Fyrirliggjandi gögn bera þess merki að kjörgögnum kunni að hafa verið spillt eftir að fyrstu lokatölur voru kynntar. Formaður yfirkjörstjórnar hafði næg tækifæri til að spilla kjörgögnum, hafði upplýsingar um hvaða breytingar þyrfti að gera til að hafa áhrif á niðurstöðu kosninganna og bera niðurstöður endurtalningarinnar merki um umtalsverðar breytingar frá fyrstu talningu, þeirri sem var undir eftirliti og með óspilltum kjörgögnum. Sé það vilji Alþingis að virða hina lýðræðislegu niðurstöðu kosninganna 25. september er sá kostur einn mögulegur að virða niðurstöðu fyrstu talningarinnar, sem var gerð opinber að morgni 26. september kl. 7:15 og send landskjörstjórn.
20. Kærandi byggir enn fremur á því að endurtalningin hafi verið ólögleg, og að einu niðurstöðurnar sem byggja hafi mátt á séu þær er lágu fyrir eftir fyrri talningu atkvæða, þær sem kynntar voru kl. 7:15 að morgni sunnudagsins 26. september. Að talningu lokinni, þegar yfirkjörstjórn og starfsfólk fóru heim, að morgni sunnudagsins 26. september, hefði átt að innsigla kjörgögn skv. 104. gr. ksnl. Lögin gera ráð fyrir því að ef vafi leiki á um niðurstöðu kosninganna þá beri Alþingi að úrskurða um gildi kosninganna sbr. 2. másl. 2. mgr. 104. gr. Ljóst er því að engin lagaheimild var til staðar fyrir yfirkjörstjórnina til að hefja endurtalningu síðar, og að tilkynna aðrar lokatölur en þær sem höfðu þegar verið tilkynntar að morgni sunnudagsins 26. september.
21. Kjörbréfanefnd Alþingis getur því ekki komist að þeirri niðurstöðu að taka eigi gild kjörbréf þeirra þingmanna sem landskjörstjórn hefur nú þegar úthlutað kjörbréfum til, enda væri hún með því að staðfesta ólöglega endurtalningu yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi.
22. Kærandi tekur fram að meðferð kjörgagna var fullnægjandi fram að þeim tímamarki sem lokatölur voru kynntar um kl. 7:15, þann 26. september. Fær kærandi ekki séð að á meðferð kjörgagna eða talningu atkvæða að séu nokkrir þeir annmarkar sem fela í sér að ógilda beri þá talningu. Ekki hafa verið uppi nein atriði sem eru til þess fallin að draga í efa að fyrri talningin hafi verið lögum samkvæmt og feli þannig í sér rétta lagalega niðurstöðu. Eini annmarkinn á talningunni felur í sér að ekki er lengur mögulegt að sannreyna tölurnar, enda varð rof í öruggri meðferð kjörgagna eftir að fyrstu talningu lauk og lokatölur voru kynntar. Kærandi telur því ekki að slíkar ágallar séu á meðferð kjörgagna fram að því að fyrstu talningu lauk að nauðsynlegt verði að ógilda kosninguna í heild, einungis hina ólöglegu endurtalningu atkvæða sem fór fram síðar þann 26. september.

IV. LAGARÖK

23. Að talningu lokinni ber yfirkjörstjórn að setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og að halda gildum og ógildum kjörseðlum sér skv. 2. mgr. 104. gr. ksnl. Kjörseðlana skal geyma þar til Alþingi hefur úrskurðað um gildi kosninganna, sbr. 120. gr. Ljóst er að yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis braut gegn þessari skyldu þegar hún skildi við atkvæðin eftirlitslaus að talningu lokinni að morgni sunnudagsins 26. september.

Leiðir af því að öll eftirfarandi meðferð og talning atkvæða var ólögleg og að hún geti ekki legið til grundvallar við úthlutun þingsæta sbr. 105. og 106. gr. ksnl.

24. Úthlutun þingsæta getur aðeins farið fram á grundvelli óspilltra kjörgagna. Vegna brota gegn áðurnefndri 104. gr. ksnl. verður að álykta sem svo að kjörgögn hafi spillst eftir að þau voru skilin eftir án innsigla og eftirlits að morgni 26. september. Úthlutun þingsæta skv. XVI. kafla ksnl. getur því aðeins farið fram á grundvelli fyrri talningar.
25. Landskjörstjórn hefur nú þegar tekið ákvörðun um að úthluta þingsætum byggt á hinni ólöglegu endurtalningu yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi og telur það utan síns valdsviðs að taka sjálfstæða ákvörðun um úthlutun byggt á öðrum gögnum yfirkjörstjórnna en lokatölum.
26. Kjörbréfanefnd Alþingis skortir lagaheimild samkvæmt gildandi lögum til að kveða á um aðra úthlutun þingsæta en landskjörstjórn hefur ákveðið. Úthlutun þingsæta er enda í höndum landskjörstjórnar, sbr. 106. gr. ksnl. Kærandi fer fram á að kjörbréfanefnd úrskurði endurtalningu atkvæða sem fram fór kl. 15:10, þann 26. september ógilda. Einnig að kjörbréfanefnd gefi út nýjar lokatölur í Norðvesturkjördæmi, sem byggja á lokatölum sem tilkynntar voru kl. 7:15, þann 26. september. Þá fer kærandi fram á að landskjörstjórn komi saman á ný til að úthluta þingsætum í samræmi við þær lokatölur sbr. 106. gr. ksnl. Ljóst er af staðreyndum málsins að engin rök standa gegn því að styðjast við niðurstöður fyrri talningarinnar, þeirrar sömu og var tilkynnt að morgni dags þann 26. september, við úthlutun þingsæta.

V. FYRIRVARI

27. Áskilinn er réttur til að koma að frekari kærnum, málsástæðum, lagarökum og gögnum á síðari stigum.

Reykjavík, þann 06. 10. '21

Undirritað af kæranda

Lenny Rin Taha Karim

